

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
19.01.23	17:00	HT-101	7.
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Rebekka Karlsdóttir	Guðmundur Ásgeir Guðmundsson	19.01.23	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir (Röskva)			
Viktor Ágústsson (Röskva)			
Dagur Kárason (Vaka)			
Kristmundur Pétursson fyrir Diljá Ingólfssdóttur (Röskva)			
Jón Ingi Ingimundarsson fyrir Elías Örn Torfason (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Dagný Þóra Óskarsdóttir (Röskva)			
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)			
Andri Már Tómasson (Röskva)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Rakel Anna Boulter (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)			
Auður Eir Sigurðardóttir (Röskva)			
Ísak Kárason (Röskva)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Brynhildur R. Þorbjarnardóttir (Röskva)			
Sigurbjörg Maggi Snorrason (Röskva)			
Dagmar Óladóttir (Röskva)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ			
Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti SHÍ			
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)			
Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ			
Júlíus Viggó			
Linda Rún Jónsdóttir			
Styrmir Hallsson			
Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir			
Sólveig Ástudóttir Daðadóttir			
Roman Chudov			
Isabel Alejandra Diaz			
Brynjólfur Skúlason (teams)			
Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:			
<u>Hugvísindasvið:</u> Draumeý Ósk Ómarsdóttir (Röskva), Magnús Orri Aðalsteinsson (Röskva)			

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 19. janúar 2023 í stofu HT-101 kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on January 19th 2023 in HT-101 at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:20

Announcements and issues ahead

4. Student Refugees Iceland (kynning og umræður) 17:20-17:35

Presentation of the project Student Refugees Iceland

5. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2022-2023 (kynning og umræður) 17:35-17:50

The Student Council's financial plan for 2022-2023

6. Tillaga um herferð Stúdentaráðs 17:50-18:00 (umræða og atkvæðagreiðsla)

SHÍ'S campaign

7. Hlé 18:00-18:10

Intermission

8. Lagabreytingartillögur á lögum Stúdentaráðs 18:10-18:50 (atkvæðagreiðsla)

Legislative amendments to the Student Council's Law

9. Tillaga um aukna hinseginfræðslu á Heilbrigðisvísindasviði 18:50-19:00

(atkvæðagreiðsla) Proposal regarding LGBTQ+ education at the School of Health Sciences)

10. Tilnefning Stúdentaráðs í kjöri til Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu

þjóðunum á sviði mennta, vísinda og menninga (atkvæðagreiðsla) 19:10-19:20

The Student Council's nomination for Iceland's Youth Representative to the United Nations in the field of education, science and culture

11. Önnur mál 19:30-19:35

Other issues

12. Fundi slitið 19:35

Meeting ends

1. Fundur settur 17:06

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:06-17:11

Vote/approval on minutes from last meeting

a. Atkvæðagreiðsla

Fundargerð seinasta fundar einróma samþykkt með 15 atkvæðum

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:11-17:20

Announcements and issues ahead

a. **Stúdentaráðskosningar:** Kjörstjórn hefur hafið störf og hefur ákveðið að kosningar til Stúdentaráðs verða 22. og 23. mars. Forseti SHÍ og forseti lagabreytingarnefndar funduðu með kjörstjórn til að fara yfir tillögur fyrri kjörstjórnar um lagabreytingar.

b. **Landsping LÍS:** mun fara fram dagana 29. mars - 1. apríl á Akureyri. Lagt verður af stað með rútu frá Reykjavík seinnipartinn miðvikudaginn 29. mars og komið til baka laugardaginn 1. apríl.

c. **Samstarfssjóður Háskólanna og fjárhagsstaða HÍ:** Úthlutun fór fram þann 12. janúar og kom HÍ vel út úr þessu, tekur þátt í lang flestum verkefnum. Á meðan það er jákvætt að fjármagn fáiast í þessi verkefni leysir þetta ekki þann stóra fjárhagsvanda sem Háskóli Íslands stendur frammi fyrir. Forseti fór í viðtal sem birtist í kvöldfréttum stöðvar 2 samdægurs.

i. Fundargerð [háskólaráðs frá 12. janúar](#)

ii. Forseti nefnir að það sé verið að vinna í yfirlýsingu sem verði afgreidd rafrænt.

d. **Fréttir frá FS:** Framkvæmdir á Sögu eru á áætlun og úthlutun á íbúðum í Sögu er hafin. Fyrstu myndir hafa birst og líta mjög vel út!

i. Biðlistar eru ekki langir núna og var því tekin sú ákvörðun að fara ekki eininga „tékk“ á haustönn og var öllum íbúum tilkynnt um það með tölvupósti. Hækkunarfrá byrgjum hafa áhrif á rekstur Hámu og Stúdentakjallarans og má búast við að hækka þurfi einhver verð, en FS reynir að halda öllum slíkum verðhækkunum í lágmarki. Yfirvofandi verkföll Eflingar gætu haft áhrif á framkvæmdir hjá FS og rekstur, en það á eftir að skýrast þegar nánari útfærsla þeirra liggur fyrir.

e. **Stúdentaráðsfundir út vormisserið:** Eftir eru tveir hefðbundnir fundir, þ.e.a.s. í febrúar og mars. Kjörfundur verður í apríl og skiptafundur í maí. Viðveru núverandi Stúdentaráðs er ekki krafist á kjörfundi því nýju kjörnu fulltrúarnir eru boðaðir. Hins vegar er óskað eftir viðveru núverandi ráðs á skiptafundi. Minnt er á að formleg skipti

eru ekki fyrr en á skiptafundi þannig að öll halda embættum og störfum sínum áfram fram að því.

- i. Fundardagar út misserið lagðir til:
 1. Þriðjudagur 14. febrúar
 2. Miðvikudagur 8. mars
 3. Kjörfundur SHÍ: miðvikudagur 19. apríl - Nýtt stúdentaráð mætir
- ii. Skil á skýrslu frá nefndum og sviðsráðum.
 1. Skil á skýrslu 16. apríl
- iii. Umræður um skiptaþing í maí.
 1. Skiptafundur SHÍ - Þriðjudagur 16. maí / Miðvikudagur 17. maí EÐA
Skiptaþing SHÍ laugardaginn 20. Maí
- f. **Endurskoðun á lögum um menntasjóð námsmanna** : Forseti upplýsir um stöðuna á því máli.
 - i. Ráðherra sagði á samráðsfundi á þriðjudaginn að beðið væri eftir gögnum frá menntasjóðinum til þess að hægt sé að afmarka hversu ítarlega endurskoðun á að fara í. Stúdentar lögðu mikla áherslu á að endurskoðunin þyrfti að vera ítarleg, þar sem að kerfið í heild sinni væri enn ófullnægjandi.
- g. **Fundur með nemendafélögum**: Annar samráðsfundur skrifstofunnar með nemendafélögunum verður mánudaginn 23. janúar.
- h. **Könnun fyrir vormisserið**: Skrifstofan er með í skoðun að leggja fram könnun meðal stúdenta, líkt og fyrri skrifstofa gerði reglulega í gegnum covid (sjá t.d. [hér](#)). Mikilvægt er að kortleggja hvernig erfiðar efnahagsaðstæður í samfélaginu hafa áhrif á stúdenta.
- i. **Viðburðadagatal**: Forseti fer yfir uppfært viðburðadagatal SHÍ.
 - i. Veganvika UMSAM er í gangi núna - hvet ykkur til að tékka á því!
 - ii. **3. feb**: Partybingó félog menn 3. feb + vísindaferð SHÍ í Orkusöluna
 - iii. **6.-9. feb**: Jafnréttisdagar -
 - iv. **8. feb**: Jafnréttisnefnd SHÍ með viðburð kl. 16:00-17:30
 - v. **24. feb**: Stúdentablaðið kemur út, þemað er umhverfismál
 - vi. **27.feb - 3. mars**: umhverfisvika umsam og Gaia, SHÍ að skoða að vera með pallborð í tengslum við útgáfu Stúdentablaðsins
 - vii. **4. mars**: Háskóladagurinn
 - viii. **7. og 9. mars**: Undankeppni fyndasti háskólaneminn
 - ix. **14. mars**: Úrslit í fyndnasta háskólanemandum
 - x. **22. og 23. mars**: Stúdentaráðskosningar
 - xi. **29. mars - 1. apríl**: Landsþing LÍS
- j. **Farið yfir önnur mál á borði skrifstofu**:

- i. **Jafningjastuðningur á Stúdentagörðunum:** Eigum fund með félagsráðgjöfinni í næstu viku til þess að ræða nánari útfærslu á samstarfi.
 - ii. **Aukin kosningaþáttaka:** Gréta er með yfirumsjón með því verkefni, er í vinnslu - allar hugmyndir velkomnar - sendið línu á grétu.
 - iii. **Matarspor:** Unnið hefur verið að því að koma því í gegn. Er verið að klára að tryggja fjármagn og ganga frá seinustu lausu endunum. Verður vonandi komið í febrúar, á skjá hér niðri á HT og verður líka birt á Uglunni.
 - iv. **Samráðsvettvangur borgarasamtaka:** Ísland vinnur nú að gerð Voluntary National Review (VNR) sem er skýrsla um það hvernig Íslandi gengur að ná markmiðum sínum í tengslum við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Stúdentaráð fékk boð í að taka þátt í samráðsvettvangi hagsmunafélaga þar sem gefst færi á að koma okkar áherslum og sýn á það hvernig við teljum að stjórnvöldum gangi.
 1. Stefnt er að því að taka þátt í nr. 4, nr. 8, nr. 9, nr. 11 og nr. 12
 - k. **Stjórn Stúdentaráðs:** Hittist 12. janúar og ræddi ofangreind mál, horfur fyrir vormisseri og stöðuna á hverju sviði fyrir sig.
4. Student Refugees Iceland (kynning og umræður) **17:20-17:35**
 - a. Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, Alþjóðafulltrúi LÍS kemur og kynnis verkefni Student Refugees Iceland (SRI).
 - b. Sigríður svarar spurningum í lok kynningar sem nálgast má á upptöku.
 5. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2022-2023 (kynning og umræður) **17:35-17:50**
 - a. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðuna á fjárhagsáætlun Stúdentaráðs skv. verklagi. og svarar spurningum Stúdentaráðs
 6. Tillaga um herferð Stúdentaráðs **17:50-18:00** (*umræða og atkvæðagreiðsla*)
 - a. Tillöguberar (*Gréta og Rebekka*) flytja tillöguna

*Stúdentaráðsfundur
19. janúar 2023*

T I L L A G A **að herferð Stúdentaráðs**

Undirritaðar leggja hér til að herferð Stúdentaráðs verði að þessu sinni um skrásetningargjaldið sem innheimt er við Háskóla Íslands og tengsl þess við skort á fjármögnun opinberrar háskólamenntunar hér á landi.

Rökstuðningur

Hefð er fyrir því að Stúdentaráð fari í herferð á hverju starfsári og eru dæmi um slíkar herferðir t.d. „fjárfestum í menntun“ frá haustmisseri 2019 og „[stúdentar eiga betra skilið](#)“ haustið 2021. Herferðin snýst um áherslur ráðsins hverju sinni og í stefnumótunarferð Stúdentaráðs á þessu starfsári var til umræðu hvaða málefni gætu verið áhersluatriði í herferð Stúdentaráðs í ár. Voru þar Menntasjóðsmál fyrirferðarmikil og í samræmi við það var lagt til og samþykkt á Stúdentaráðsfundi í október að veita fjármagn í sameiginlega herferð með LÍS til að koma á framfæri áherslum stúdenta í tengslum við endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna.

Síðan þá hefur mikið átt sér stað hvað varðar fjárveitingar til Háskóla Íslands og umræður um hækkun skrásetningargjaldsins og teljum við því mikilvægt að Stúdentaráð bregðist við þeirri þróun og setji af stað herferð með það að markmiði að sporna gegn slíkri hækkun. Þar að auki hefur ráðherra boðað að endurskoðun reiknilíkansins og er því mikilvægt að Stúdentaráð komi áherslum stúdenta á framfæri í tengslum við fjárveitingar til Háskólans. Stúdentaráð myndi þó enn koma að og leggja til fjármagn í herferð LÍS í tengslum við endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna en í minna mæli en upphaflega var lagt upp með.

Útfærsluatriði yrðu í höndum skrifstofu Stúdentaráðs, sem eins og stendur sér fyrir sér herðferð í formi stuttra myndbanda á samfélagsmiðlum, grípandi markaðsefni sem yrði unnið af auglýsingastofu og greinaskrif og fjölmiðlaátak þar sem farið yrði dýpra í málefnið. Það er mikilvægt að Stúdentaráð og rödd stúdenta sé leiðandi í umræðunni og hljóti tillaga þessi samþykki mun vinnan við útfærslu herferðarinnar fara strax á fullt.

*Rebekka Karlsdóttir forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Gréta Dögg Þórisdóttir varaforseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

- b. Mælendaskrá opin.
 - i. Umræður og athugasemdir má nálgast á upptöku.
- c. Atkvæðagreiðsla
15 samþykki,
Tillagan er því einróma samþykkt.

7. Hlé 18:00-18:10

Roman Chudov mætir 18:20

Linda Rún mætir 18:30

- 8. Lagabreytingartillögur á lögum Stúdentaráðs 18:10-18:50 (*atkvæðagreiðsla*)
Flestar varða kosningafyrirkomulagið og eru byggðar á ábendingum frá fyrri kjörstjórn.
 - a. Tillöguberar (*Lilja og Rebekka*) fara yfir tillögurnar.

Breytingar vegna kjörstjórnar: 8.gr, 31.gr, 32.gr, 33.gr.

8.gr: tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum

31.gr: tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

32.gr: tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum (sem og frestun b.liðar)

33.gr: tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

Skipun í ýmis embætti og ráð: 7.gr, 21.gr.

7.gr: tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

21.gr: tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

Fastanefndir Stúdentaráðs: b. liður 19.gr., a. liður 20.gr.

b. liður 19.gr: tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

a. liður 20.gr: tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

Lögbundinn fjöldi Stúdentaráðsfunda: 11. gr.

11.gr: tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

Varðandi ársreikning Stúdentaráðs: 4.gr.

4.gr: tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

9. Tillaga um aukna hinseginfræðslu á Heilbrigðisvísindasviði 18:50-19:00

(atkvæðagreiðsla)

a. Tillöguberar (Dagný og Jón Ingví) flytja tillöguna.

Stúdentaráðsfundur

19. janúar 2023

- T I L L A G A -

Um aukna hinseginfræðslu á Heilbrigðisvísindasviði

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð lýsi yfir áhyggjum um skort á hinseginfræðslu innan Heilbrigðisvísindasviðs og beiti sér fyrir því að hinseginfræðsla sé bætt við skyldufög innan sviðsins, þá sérstaklega í grunnnámi læknis- og hjúkrunarfræði.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Árið 2022 voru gefnar út tvær skýrslur unnar af nemum HÍ sem fjalla um stöðu og réttindi trans og kvára á Íslandi. Önnur skýrslan, *Kynjasamþætting út fyrir kynjatvíhyggjuna*, unnin af Birtu B. Kjerúlf, er byggð á rannsókn hennar á stöðu réttinda trans fólks og kvára innan stjórnsýslu Íslands og hin skýrslan, „*Að vera kvár á Íslandi: Hvað felst í kynjajafnrétti fyrir kvár?*“, unnin af Birtu Ósk, fjallar um og gefur góða mynd á hver félagslega staða kvára er á Íslandi í dag. Báðar rannsóknir sýndu þær niðurstöður að trans og kynsegin fólk stendur frammi fyrir stórum áskorunum innan heilbrigðiskerfisins, og þá

sérstaklega þegar kemur að þekkingarleysi heilbrigðisstarfsfólks. Niðurstöður úr báðum rannsóknum sýndu að kerfið vinni ekki með trans og kynsegin fólki, og auknir fordómar og vanþekking innan heilbrigðisgeirans skili af sér lélegri þjónustu fyrir þennan hóp samfélagsins.

Mikilvægt er að ráðast á rót vandans, sem í grunninn er fáfræði og vanþekking heilbrigðisstarfsfólks. Telja því tillöguberar mikilvægt að byggja upp þekkingu strax í grunnnáminu, en þar er hinseginfræðsla af skornun skammti. Núverandi fræðsla fer nær einungis fram á Þverfaglegum degi Heilbrigðisvísindasviðs, sem er haldinn innan sviðsins ár hvert þar sem nemendur úr ólíkum deildum innan sviðsins koma saman og fá kennslu um mismunandi efni. Þar er liður sem heitir „margbreytileiki samfélagsins” þar sem farið er yfir hinseginleikann í stuttu máli. Sá liður rétt nær einni klukkustund þar sem farið er yfir málaflokkinn á hálfgerðu hundavaði og teljum við að það sé langt frá því að vera næg fræðsla fyrir framtíðarstarfsfólk heilbrigðiskerfisins. Teljum við þess vegna mikilvægt að SHÍ lýsi yfir áhyggjum á skorti hinseginfræðslu innan heilbrigðisvísindasviðs og tjái þær sem fyrst til stjórnar sviðsins. Einnig viljum við að Stúdentaráð feli sviðsráði HVS, jafnréttisnefnd og jafnvel kennslumálanefnd að beita sér fyrir því á sínum vettvöngum hvernig auka megi hinsegin fræðslu innan sviðsins, með það að markmiði að aukinni hinsegin fræðslu verði bætt inn í kennsluskrá sviðsins, þá sérstaklega á sviði hjúkrunar- og læknisfræði.

Háskóla Íslands ber samfélagsleg skylda til þess að vinna gegn mismunum og á að gera það með því að auka fræðslu um jaðarsetta hópa og stöðu þeirra innan samfélagsins. Til eru töluvert að heimildum sem sem fjalla sérstaklega um vanlíða trans einstaklinga á Íslandi og þá sérstaklega innan heilbrigðiskerfisins. Með því að opna á umræður og krefjast þess að aukin fræðsla sé gerð innan sviðsins er SHÍ að stíga fram og taka eindregna afstöðu með trans einstaklingum í samfélaginu og tilverurétt þeirra.

*Dagný Þóra Óskarsdóttir, Stúdentaráðslíði HVS
Jón Ingvi Ingimundarson, Forseti Jafnréttisnefndar*

- b. Mælendaskrá opin
 - c. Atkvæðagreiðsla
 - d. Tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum.
10. Tillaga um breytingar á úthlutunarreglum FS 19:00-19:10 (atkvæðagreiðsla)
- a. Tillöguberar (Rebekka og Diljá (teams)) flytja tillöguna

*Stúdentaráðsfundur
19. janúar 2023*

T I L L A G A

varðandi breytingar á úthlutunarreglum í tengslum við námsframvindu

Undirritaðar leggja til að Stúdentaráð leggi til við stjórn Félagsstofnunar Stúdenta að gerð verði breyting á kröfum um eðlilega námsframvindu sem fram koma í 9. gr. úthlutunarreglna FS, þannig að íbúum verði gefið rými fyrir eina „frí-önn“. Með þessu er verið að leggja til að ef til þess kemur að íbúi skili ekki tilskildum einingafjölda einu sinni á meðan dvalartíma stendur, skuli ekki koma til riftunar samnings vegna þessa, sbr. grein 6.2. Þessi „frí-önn“ ætti ekki að skerða rétt á þeim undanþágum frá reglum um námsframvindu sem fram koma í grein 9.1 í úthlutunarreglunum. Samhliða þessu þyrfti að rýmka reglur um hámarksdvöl sem koma fram í 10. gr. úthlutunarreglnanna þannig að „frí-önnin“ hafi ekki þau áhrif að stúdentar þurfi að flytja út áður en þeir hafa lokið námi sínu.

Rökstuðningur

Ofangreindar breytingar á úthlutunarreglum eru lagðar til með það að markmiði að auka húsnæðisöryggi stúdenta á meðan námi stendur. Framkvæmdin hjá úrskurðarnefnd FS hefur undanfarið verið sú að veita alltaf undanþágu frá námsframvindukröfum einu sinni, komi þannig beiðnir inn á borð til nefndarinnar. Með þessari breytingu á úthlutunarreglunum væri því verið að gera framkvæmdina skýrari og gæta jafnræðis. Þar að auki eru biðlistarnir eftir húsnæði ekki eins langir og þeir voru áður og því meira svigrúm fyrir Félagsstofnun Stúdenta til þess að bjóða fólki húsnæði yfir lengri tíma, án þess að það komi niður á öðrum stúdentum. Pressan af lokaprófum og öðru námsmati er nógu mikil ein og sér og með því að auka aðeins sveigjanleikann á kröfum um námsframvindu og hámarksdvöl á Stúdentagörðum má létta á slíkum áhyggjum.

*Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ
Diljá Ingólfsdóttir, Stúdentaráðsliði*

b. Mælendaskrá opin

Lilja kemur því á framfæri að húnar fagnar þessari tillögu. Minni pressa og minna álag á þeim sem eru í mjög þungum áföngum.

c. Atkvæðagreiðsla

d. Tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

11. Tilnefning Stúdentaráðs í kjöri til Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði mennta, vísinda og menninga (*atkvæðagreiðsla*) 19:10-19:20

a. Atkvæðagreiðsla um leynilega atkv. greiðslu. 14 samþykkir,

Rakel Anna situr hjá.

Frambjóðendurnir eru eftirfarandi:

a. *Brynjólfur Skúlason*

b. *Isabel Diaz*

- c. *Roman Chudov*
- d. *Sólveig Ástudóttir Daðadóttir*

Stúdentaráðsliðar fengu rafrænan atkvæðaseðil og niðurstaða kosningunnar var sú að Isabel Alejandra bar sigur af hólmi í leynilegri atkvæðagreiðslu.

12. Önnur mál 19:20-19:30

Other issues

- a. Andri Már Tómasson fer yfir árangur tillögu um aukna skráningu persónufornafna á Canvas (sjá glærur í fundargögnum).
 - i. Mælendaskrá opin
Andri fær hrós fyrir vel unnin störf og lófaklapp.
- b. Tillaga um að Stúdentaráð skrifi undir opið bréf til Sundhallar Reykjavíkur og ÍTR (Sjá í fundargögnum). Tillöguberi (*Linda*) flytur tillöguna.

*Stúdentaráðsfundur
19. janúar 2023*

T I L L A G A

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð skrifi undir opið bréf til Sundhallar Reykjavíkur og ÍTR þess efnis að einum inniklefa Sundhallarinnar verði breytt í fjölskylduklefa.

Rökstuðningur

Í Sundhöllinni eru nú þrjár inniklefar, einn karlaklefi og tveir kvennaklefar en lagt er til að annar kvennaklefinn verði gerður að fjölskylduklefa. Hugmyndin er þá að klefinn yrði opinn öllum þeim sem vilja nýta hann og gæti t.d. komið sér vel fyrir hinsegin vinahópa þar sem slíkur klefi myndi gera þeim sem ekki geta nýtt sér karla- eða kvennaklefa auðveldara að fara í sund og gera sérklefana aðgengilegri þeim sem þurfa á þeim að halda.

Samkvæmt reglugerð mega börn á grunnskólaaldri ekki fara með foreldrum sínum, sem ekki eru af sama kyni í klefa. Það getur valdið foreldrum og börnum miklum áhyggjum að þurfa að fara í sitthvorn klefann og telur undirrituð að þetta myndi auka þægindi foreldra og draga úr áhyggjum þeirra þegar þau fara með börnunum sínum í sund. Sundhöllin er nálægt háskólasvæðinu og því eru líkur á að foreldrar í námi nýti sér þennan valkost.

Við teljum að Sundhöllin sé góður staður til þess að byrja á þar sem húsnaðið býður upp á þessa skipulagsbreytingu án þess að aðgengi að karla- og kvennaklefum sé skert og gæti breytingin verið góð til að kanna þörfina á slíkum fjölskylduklefum.

Linda Rún Jónsdóttir, meðlimur fjölskyldunefndar Stúdentaráðs

- c. Atkvæðagreiðsla um að taka tillöguna fyrir
 - 1. Samþykkt einróma 15 atkvæði.
- d. Mælendaskrá opin.

1. Umræður má finna á upptöku

e. Atkvæðagreiðsla

f. Tillagan einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

13. Fundi slitið